



# Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

Skúlaskeiði 32 • 220 Hafnarfirði • Kt. 600269-4109  
Vsk.nr. 14741 • Símar 893 2855, 853 2855 & 555 6455

Haraldur L. Haraldsson  
Bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Hafnarfiriði 14. nóvember 2017

Skógræktarfélög og skógarbændur hafa undanfarin ár og áratugi aukið framleiðslu á sígrænum trjám í því skyni að bjóða landsmönnum upp á jólatré sem ræktuð eru hér á landi. Þessi ræktun hefur verið fremur ómarkviss hingað til og hafa grisjunartré aðallega orðið fyrir valinu sem jólatré. Að undanförnu hafa sérfræðingar á þessu sviði einbeitt sér að því að kenna íslensku skógræktarfólki að rækta tré sem geta hentað sem jólatré. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar tekið þátt í þessu verkefni og hefur fullan hug á að auka ræktun trjáa sem geta hentað sem jólatré, en vantar hentugt ræktunarland til að sinna þessu af alúð og metnaði.

Stjórn Skógræktarfélagsins telur að malarńaman sem er við Bláfjallaveg í Undirhlíðum geti verið kjörinn staður til að hefja slíka ræktun. Náman er þannig staðsett að hún myndar skjól í öllum áttum. Mestu skiptir að náman er þannig í land sett að hún myndar skjól fyrir austanátt, sem hefur reynst erfiðasta vindáttin hér um slóðir þegar kemur að ræktun barrtrjáa.

Staðurinn er kjörinn að mati stjórnar og starfsmanna S.H. sem ræktunarsvæði. Við þetta má bæta að það sú hugmynd hefur lengi verið á lofti að tengja saman skógarvæðin í Undirhlíðum. Þessi svæði eru sitthvoru megin við námuna við Bláfjallaveg og hafa verið í umsjón Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í nokkra áratugi. Gróðursetning hófs á svæðinu umhverfis Litla-Skógarhvamm árið 1930 og tók Skógræktarfélaga Hafnarfjarðar við skógarreitnum eftir að félagið var stofnað 1946. Hann er í norðanverðum Undirhlíðum milli Kaldársels og Bláfjallavegar. Hinn reiturinn er þar sem frá fornu fari heitir Stóri-Skógarhvammur, en hann er um miðja vegu milli Bláfjallavegar og Krýsuvíkurvegar. Gróðursetning hófst þar árið 1959 og mest var gróðursett þar fram undir 1970. Ógreiðfær troðningur liggur að þessu svæði og fáir sækja í þennan gróskumikla skóg sem er falin perla í landi bæjarins.

Skógræktarfélagið hefur lengi haft hug á því að tengja þessa skógarreiti saman og mynda órofa keðju trjágróðurs í norðanverðum Undirhlíðum frá Kaldárseli að Markrakagili, en þar tekur við lögsagnarumdæmi Grindavíkur.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar óskar hér með eftir því að Hafnarfjarðarbær fallist á að afhenda félagini námuna við Bláfjallaveg og allt landsvæðið í norðanverðum Undirhlíðum milli Litla- og Stóra-Skógarhvamms til umsjónar og ræktunar. Náman verður fyrst og fremst notuð til að gera tilraunir með ræktun sígrænna trjátegunda, sem gætu hentað sem jólatré, en Undirhlíðarnar notaðar til að gróðursetja fjölbreyttari trjátegundir sem styðja við þann gróður sem fyrir er á svæðinu.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

  
Jónatan Garðarsson